

1. fundur stjórnar Prentsöguseturs 7. febrúar 2019, kl. 16  
haldinn í Bókamiðstöðinni, Laugaveg.

*Mættir: Heimir Br. Jóhannsson, Sófus Guðjónsson, Þórleifur Friðriksson og  
Þóra Elfa Björnsson. Baldvin Heimisson og Svanur Jóhannesson fjarverandi.*

*ÞEB skráði.*

1. *Um húsnæðið* Heimir setti fundinn. Húsnæðið hefur verið málað í hólf og gólf, loftstokkur klæddur og málaður og dyttað að ýmsu, eftir er að gera salerni boðlegt. Smiðurinn hafði tekið kr. 93.500 fyrir vinnu (25 st.) og efni.
  2. *Skráning muna o.fl.* Á dögunum hafði Heimir hitt Hjört Guðnason sem sagðist til í að taka að sér að skrá muni og skjöl á staðnum vegna sýningarhaldsins. Lagt til að haldinn verði fundur með Hirti og Þóru Elfu um útfærslu á því máli. Þá hafði Kjartan í Ísafold lofað notaðri ljósritunarvél að gjöf til félagsins í vor.
  3. *Andlit fyrirtækis* Ganga þarf frá gerð logos, skiltis, bréfsefnis o.fl.
  4. *Framkvæmdir fyrir sýningu* Baldvin mun sjá um að sækja setjaravél og koma henni fyrir á fyrirætluðum stað. Þá þarf einnig að grísa eitthvað það sem fyrir er á staðnum. Útvega þarf skjávarpa vegna fyrirhugaðra fræðslufunda.
  5. *Tæki úti í bæ* – brýnt er að gera úttekt á því sem geymt er annars staðar og hvað af því eru sýningarstykki.
  6. *Fundir* Leitast skal við að halda stjórnarfundi á hálfsmánaðarfresti á næstunni.
- Önnur mál* Þórleifur sagði að honum hefði borist tilboð um gjöf frá Íslensku auglýsingastofunni til Prentsöguseturs en í því fælist margs konar upplýsingur, slides-myndir o.fl. Einnig hafð hann fengið bunka af A4 möppum frá Odda, kemur með þær síðar.

*Fleira ekki skráð.*